

- 47 Sömu refsingu skal hver sá sæta, sem smáanar opinberlega eða hefur annars í
27. júní frammi skammaryrði, aðrar móðganir í orðum eða athöfnum, eða ærumeiðandi að-
dróttanir við aðra starfsmenn erlends ríkis, sem staddir eru hér á landi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

48

L Ö G

27. júní

um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Tölurnar „60“ og „6“ í b-lið 1. greinar verða: 80 og 8.

2. gr.

Á undan tölunni „5000“ í c-lið 1. greinar koma orðin: ekki færri en.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jakob Möller.

49

L Ö G

27. júní

um læknisvitjanasjóði.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Ríkissjóður leggur árlega fram fé til læknisvitjanasjóða, er stofnaðir verða í
læknishéruðum samkvæmt ákvæðum laga þessara, gegn þriðjungsframlagi annars
staðar að. Framlag ríkissjóðs má ekki fara fram úr 1 kr. á hvern héraðsbúa, er
heima á utan þess kaupstaðar eða kaupsins, þar sem læknir situr, og ekki yfir 1000
kr. til hvers læknisvitjanasjóðs.

2. gr.

Læknisvitjanasjóðir, er njóta hlunninda samkvæmt lögum þessum, skulu ná til heils læknishéraðs og hafa að markmiði að styrkja til læknisvitjana héraðsbúa, sem eiga erfiða læknissókn, eða létta þeim læknissóknina á annan hátt.

Í stjórn læknisvitjanasjóðs skulu vera bæjarfógeti, sýslumaður eða lögreglustjóri þess lögsagnarumdæmis, er meiri hluti hlutaðeigandi læknishéraðs heyrir undir, og tveir menn kosnir á sameiginlegum fundi oddvita allra hreppa læknishéraðsins. Formaður er reikningshaldari og gjaldkeri sjóðsins.

Stjórn læknishéraðs sjóðs setur að öðru leyti reglur um starfsemi sjóðsins, er ráðherra staðfestir. Í reglum þessum skulu vera ákvæði til tryggingar hagsmunum íbúa mjög afskekkttra staða. Þess skal og gætt, að samlagsmenn sjúkrasamlaga innan læknishéraðs séu eigi miður settir að því er tekur til aðstoðar sjóðsins en aðrir héraðsbúar.

3. gr.

Þegar læknisvitjanasjóður hefur verið stofnaður í læknishéraði og nýtur styrks samkvæmt lögum þessum, falla niður læknisvitjanastyrkir þeir, er héraðinu kunna sérstaklega að vera ætlaðir í fjárlögum.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1942.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

L Ö G

um gjaldeyrisvarasjóð og eftirlit með erlendum lántökum.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stofna skal gjaldeyrisvarasjóð með þeim hætti, er nánar greinir í lögum þessum.

2. gr.

Landsbanki Íslands (seðlabankinn) skal leggja til hliðar í erlendum gjaldeyri upphæð, sem nemi jafngildi 12 milljóna íslenskra króna, umfram það, sem bankinn skuldar erlendis á hverjum tíma. Þar með þó ekki talin þau lán, sem endurgreiðast eiga á lengri tíma en 5 árum.

3. gr.

Gjaldeyrisvarasjóður er eign Landsbanka Íslands, en þó er ráðstöfun hans háð þeim takmörkunum, er greinir í lögum þessum.

4. gr.

Fé gjaldeyrisvarasjóðs sé geymt á þann hátt, að til þess sé unnt að grípa án verulegs fyrirvara. Skal leita samþykkis ráðherra þess, er fer með gjaldeyrismál, fyrir því, á hvern hátt féð er geymt.